

Afrekssjóður Hvalfjarðarsveitar

1.gr

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður Hvalfjarðarsveitar og er hann í umsjá Fræðslu- og skólanefndar.

2.gr.

Markmið

- a) Afreksstyrkir eru ætlaðir til þess að styðja við bakið á afreksfólki sem á lögheimili í Hvalfjarðarsveit.
- b) Umsækjandi þarf að hafa skarað fram úr og/eða hafa fengið viðurkenningu fyrir störf/afrek sín á sviði íþróttar.
- c) Afreks- og styrktarsjóður veitir styrki vegna þátttöku í fjölþjóðlegum mótum, sýningum erlendis, ferðastyrk vegna íþróttar.

3.gr

Umsókn og fylgigögn

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn.

- a) Kynning á umsækjanda.
- b) Yfirlit og staðfesting á afrekum/viðurkenningum.
- c) Staðfesting á þátttöku.
- d) Kvittanir vegna útlagðs kostnaðar.

4.gr.

Umsóknir skulu berast Fræðslu- og skólanefnd Hvalfjarðarsveitar fyrir 28. febrúar og 31. ágúst. Umsóknareyðublað er á heimasíðu sveitarfélagsins.

5.gr

Tekjur sjóðsins

Árlegt framlag sjóðsins er úr sveitarsjóði Hvalfjarðarsveitar samkvæmt fjárhagsáætlun hverju sinni.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 8. desember 2015